

Nd.

147. Frumvarp til laga

[125. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Aðalverkefni Framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. Að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara.
2. Að stuðla, í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, að að framförum, aukinni hagkvæmni og þróun landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við þarfir þjóðarinnar og þá stefnu um málefni landbúnaðarins, sem Alþingi ákveður hverju sinni, í samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands.
3. Að stuðla að umbótum í vinnslu og meðferð búvara.
4. Að vinna að aukinni markaðsleit og hagkvæmari verslun með búvörur innanlands og utan.
5. Að vinna að því að heina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum sem landbúnaðinum eru hagkvæmastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Framleiðsluráð skal því í samráði við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um þróun landbúnaðarins til lengri tíma, í samræmi við þá stefnu sem ákveðin er í málefnum landbúnaðarins. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af áhrifum árferðis á þróunina svo og breytingum á markaðsskilyrðum.
6. Að ákveða verðmiðlun á búvörum, samkvæmt fyrirráðum þessara laga.
7. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda, eftir árstímum.
8. Að ákveða mjólkursölusvæði, samkvæmt lögum þessum.
9. Að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli ákvarðana Sexmannanefndar samkvæmt 6., 7., 8. og 9. gr. laganna.
10. Að efna árlega til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem aðstöðu hafa til áhrifa á framleiðslu og neyslu landbúnaðarvara, og mestra hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi, s. s. ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl. Á þessum fundum skal ræða samræmdar aðgerðir til þess að það markmið náist, sem um ræðir í ákvæðum 5. tölulíðar þessarar greinar.
11. Að setja vinnslustöðvum landbúnaðarins reglur um útborgun verðs til bænda, þ. á m. er Framleiðsluráði heimilt að setja reglur um jöfnun kostnaðar við flutning afurðanna til vinnslustöðva.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein 3. gr. er orðist svo:

Verði búvöruframleiðslan meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði, og ekki fást erlendir markaðir sem viðunandi teljast að dómi Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra fyrir allt það vörumagn sem umfram er, er Framleiðsluráði með samþykki landbúnaðarráðherra heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

- a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Á sama hátt er Framleiðsluráði heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni um ákveðinn hundraðshluta.

Söluaðilum landbúnaðarafurða er skylt að veita upplýsingar eins og nauðsynlegt kann að vera og um er beðið í þessu sambandi. Einnig er söluaðilum skylt

að halda eftir af andvirði búvöru þeirri fjárhæð sem Framleiðsluráð ákveður til að standa skil á greiðslum til framleiðenda. Framleiðsluráð ákveður gjald-daga vegna þessara heimilda.

- b) Að leggja sérstakt gjald á allt innflutt kjarnfóður. Ákvörðun um upphæð gjaldsins skal tekin á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda, og er háð samþykki landbúnaðarráðherra. Gjaldið verði innheimt við innflutning, af sýslumönnum, bæjarfógetum og í Reykjavík af tollstjóra.
- c) Gæsla og ráðstöfun þess fjármagns, sem innheimtist samkvæmt a) og b) lið þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Því skal m. a. varið til að greiða bændum bætur fyrir að draga úr óhagkvæmri útflutningsframleiðslu og til að jafna tekjur bænda m. a. með því að greiða ýmsa kostnaðarliði og jafna halla af útflutningi þegar útflutningsbætur þrýtur. Einnig er heimilt að ráðstafa hluta af þessu fjármagni til þess að jafna flutningskostnað á framleiðslu innlendra grænifóðurverksmiðja og öðrum fóðurbæti. Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á verði búvöru, sem Sexmannanefnd ákveður, enda sé fjármagninu ráðstafað að öllu leyti til framleiðenda búvöru.
- Sé framangreind heimild um gjald á innfluttu kjarnfóðri notuð, en síðan tekin ákvörðun um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það sem kann að hafa verið innheimt af hirgðum sem til eru þegar niðurfelling gjaldsins er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af hirgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.
- d) Þyki Framleiðsluráði nauðsyn bera til að grípa skyndilega til róttækra aðgerða, til takmörkunar á búvöruframleiðslu, skal efna til fundar með þeim aðilum sem hagsmuna hafa að gæta, og áhrif geta haft á framleiðsluna, samanber 10. töluliður 2. gr., og skýra fyrir þeim tillögum sínar, og leita stuðnings þeirra við þær.
- e) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda, sem felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

Rísi ágreiningur um atriði sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd þriggja manna til úrskurðar. Nefndina skipa aðili, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar frá Stéttarsambandi bænda og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Á eftir 3. grein komi ný grein, 4. gr., er orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðslan of lítil í landinu, eða einstökum hlutum þess, eða framleiðsluáætlanir samkvæmt 5. tölulið 2. gr. raskast verulega og skal þá Framleiðsluráð landbúnaðarins gera tillögur til Sexmannanefndar og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta.

Skulu slíkar ráðstafanir ná til einstakra búgreina, og/eða einstakra landshluta, eða allrar búvöruframleiðslu í landinu, eftir því sem við á.

Greinargerð.

Í apríl s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að gera tillögur um skipulag framleiðslu búvöru, stjórn á framleiðslumagni og fjalla um vandamál sem sveiflur í afurðasölu skapa. Nefnd þessi var skipuð að tillögu búnaðarþings. Í nefndinni áttu sæti:

Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson, Eystra-Geldingaholti, Sigurður Jónsson, Kastalabrekku, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytissj., Sveinn Guðmundsson, Sellandi, Sveinn Jónsson, Kálfsskinni og Þórarinn Þorvaldsson, Þóroddsstöðum.

Nefndin skilaði álit 28. september s. l. Fylgir álit nefndarinnar hér með.

Drög að tillögum nefndarinnar voru lögð fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda, s. l. haust, og hlutu þær yfirgnæfandi stuðning fulltrúa. Jafnframt voru 4 af 5 ábendingum sem fram komu á fundinum, teknar til greina. Stjórn Stéttarsambands bænda hefur ritað landbúnaðarráðherra, og einróma lagt til að tillögur nefndarinnar verði lögfestar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur einnig fjallað um tillögurnar, og mælir með lögfestingu þeirra. Loks hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins fjallað um frumvarpið á fundi sínum 4. desember s. l. og mælir með lögfestingu þess fyrir áramót. Einnig hafa landbúnaðarráðherra og form. Stéttarsambands bænda kynnt málið á bændafundum.

Frumvarp það sem hér er flutt er í öllum efnisatriðum samhljóða tillögum ofangreindrar nefndar.

Mikill vandi steðjar að íslenskum landbúnaði vegna framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða umfram það, sem selst á innanlandsmarkaði.

Ársneysla smjörðs hér á landi er um 1 400 tonn og osta um 1 200 tonn. Ætla má að á næsta ári verði birgðir smjörðs allt að 2 000 tonn, birgðir osta um 1 500 tonn og annarra mjólkurafurða um 50 tonn.

Síðastliðið haust var slátrað 1 022 000 fjár samtals 15 400 tonn kindakjöts. Neysla kindakjöts er áætluð um 10 000 tonn á innanlandsmarkaði á ári, þannig að um 5 400 tonn eru framleidd umfram innanlandsþarfir næsta ár.

Miklar athuganir hafa farið fram á sölumöguleikum á framangreindum afurðum erlendis og samkvæmt þeim er ekki von til að unnt sé að selja mjólkurafurðir eða kindakjöt nema á hluta framleiðslukostnaðarverðs.

Mjög er því brýnt að gripa til aðgerða, sem eru til þess fallnar að draga úr framleiðslu, en haga þeim aðgerðum þannig að sem minnstri röskun valdi til hins verra um hag bænda. Jafnframt þarf að haga aðgerðum á þann veg að dreifing setinna býla um landið haldist sem mest í því horfi sem er. Athuganir Búreikningastofu landbúnaðarins sýna, að bú af þeirri stærð, sem ein fjölskylda hefur tök á að annast gefa að jafnaði mestan arð.

Virðist frá því sjónarmiði réttast að beita framleiðsluhömlum fyrst og fremst gegn framleiðslu umfram það sem hæfir fjölskyldurekstri.

Aðgerðir þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að heimila eru ætlaðar sem skammtímaaðgerðir, þar til fastara skipulag fæst á framleiðslumagn landbúnaðarins, í samræmi við þarfir innlends markaðar.

Með heimildarákvæði um mismunandi hátt verð á búvöru er gert ráð fyrir að leggja stighækkandi gjald á framleiðslu umfram það sem hæfir fjölskyldubúrekstri eða greiða mishátt verð til framleiðenda eftir framleiðslumagni.

Margvísleg rök hniga að því að heimila skattlagningu á innflutt kjarnfóður.

Athuganir sýna að ótvíræð fylgni er milli afurðamagns og kjarnfóðurverðs.

Verulegt magn þess kjarnfóðurs, sem til landsins hefur verið flutt að undanfögnu er niðurgreitt erlendis.

Árið 1971 voru flutt inn 59 093 tonn en 1977 71 193.9 tonn af kjarnfóðri. Árið 1961 fékkst 1.03 kg af kjarnfóðri fyrir andvirði eins lítra af mjólk, árið 1971 1.38 kg kjarnfóðurs fyrir andvirði lítra en árið 1978 2.11 kg kjarnfóðurs fyrir andvirði eins lítra.

Hin auknu kjarnfóðurkaup sem hafa átt sér stað, verka óumdeilanlega til framleiðsluaukningar, og aukinna vandamála við sölu og fjárútvegum í uppbætur á umfram framleiðslu.

Hið lága kjarnfóðurverð hefur einnig orðið til þess að raska stöðu innlendrar fóðurframleiðslu. Af þeirri ástæðu voru íslenskar græn fóðurverksmiðjur reknar með tapi á s. l. ári.

Kjarnfóðurskatti er víða um lönd beitt í því skyni að hafa stjórnunaráhrif í framleiðslu landbúnaðarafurða og til þess að vernda innlenda fóðurframleiðslu.

Þannig hafa t. d. Svisslendignar nýverið lagt innflutningsgjald á fiskimjól, á þeirri forsendu að verðlag á innfluttu kraftfóðri hafi fallið svo, að það sé notað í óhófi og orsaki offramleiðslu landbúnaðarvara.

Ætla verður að innflutningsgjald á fóðurbæti hafi veruleg jákvæð áhrif miðað við þau markmið sem að er stefnt.

Kjarnfóðurkaup bænda myndu minnka, þar með offramleiðsla, einkum mjólkurafurða, gjaldeyrir myndi sparast og hagur innlendrar fóðurframleiðslu styrkjast.

Um 1. gr.

Verkefni Framleiðsluráðs eru aukin að mun í greininni.

Nýmæli felast í 2., 5., 10. og 11. tölulið, sem öll hníga að því að koma betra skipulagi á framleiðslu landbúnaðarafurða og auka hagkvæmni hennar.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli og ætlast til að heimildum, sem hún veitir, verði beitt í því skyni að samræma meir en verið hefur landbúnaðarframleiðslu við innlendar þarfir.

Gert er m. a. ráð fyrir að heimilt verði að greiða mismunandi hátt verð á búvöru til framleiðenda eða að taka stighækkandi framleiðslugjald.

Þá er í greininni heimild til að greiða framleiðendum bætur fyrir að draga úr framleiðslu sinni.

Um 3. gr.

Grundvallar sjónarmið í frumvarpi þessu er að Íslendingar verði jafnan sjálfum sér nógir um framleiðslu landbúnaðarafurða.

Þess þarf að gæta að samdráttur, sem að er stefnt, verði ekki of mikill og rétt að Framleiðsluráð eigi frumkvæði um þetta atriði, jafnt og önnur, sem lúta að áætlunum og eftirliti með framleiðslumagni landbúnaðarafurða.

Álit sjömannanefndar.

Með bréfi dagsettu 24. apríl 1978, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 7 manna, samkvæmt ályktun Búnaðarþings 1978, og skyldi verkefni nefndarinnar vera að fjalla um skipulag á framleiðslu búvara, stjórn á framleiðslumagni og vandamál sem sveiflur í afurðasölu skapa. Nefndinni var ætlað að gera tillögur sem til bóta horfi varðandi framangreint atriði og skila þeim svo fljótt sem aðstæður leyfðu. Jafnframt bar nefndinni, samkvæmt skipunarbréfinu, að hafa í starfi sínu hliðsjón af ályktun Búnaðarþings, varðandi það hvernig staða landbúnaðarins og afkoma þeirra sem við hana vinna, yrði sem best tryggð og lausn þess vanda sem í markaðsmálum hefur blasað við.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson, Eystra-Geldingarholti, Sigurður Jónsson, Kastalabrekku, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri, Sveinn Guðmundsson, Sellandi, Sveinn Jónsson, Kálfsskinni og Þórarinn Þorvaldsson, Þóroddsstöðum.

Nefndarmenn héldu sinn fyrsta fund 8. maí s.l. og var þegar á þeim fundi ákveðið að efna til viðtækrar gagnaöflunar vegna verkefnis nefndarinnar, og jafnframt boðaðir ýmsir þeir menn á fundi nefndarinnar, sem fjalla um þau málefni sem varða verkefni og verksvið hennar. Nefndin hefur auk fundarins 8. og 9. maí, haldið fundi dagana 6.—8. júní, og 27. og 28. júní, 26. júlí, 14. ágúst, 6. september og 28. september.

Allar samþykktir bændafunda og búnaðarsambanda frá síðastliðnum vetri hafa verið lagðar fram hjá nefndinni.

Skýrslna hefur verið aflað um bústofnseign landsmanna og skiftingu hans, um tekjuskiftingu bænda eftir héruðum um fóðurbætiskaup og fylgni milli verðlags afurða og fóðurbætisverðs.

Nefndin aflaði skýrslna um byggingarframkvæmdir í sveitum, sem Búnaðarbanki Íslands hefur lánað til árin 1973—1977, skýrslna um skuldastöðu bænda, og

um ríkisframlög til framkvæmda á bújörðum árin 1975—1977, auk margra annarra gagna, sem fram hafa verið lögð.

Árið 1976 teljast 4419 bændur í landinu með sauðfjárrækt eða nautgriparrækt sem aðalbúgrein og hefur félagsbúum þá verið skipt, og tala ærgilda er samtals 1 719 490.

Auk þessara ærgilda eru:

15 513 ærgildi í eigu tilraunabúa, eða 0.87% af ærgildatölu í landinu.

33 995 ærgildi í eigu þéttbýlisbúa eða 1.91% af ærgildatölu í landinu.

19 414 ærgildi í eigu manna, sem hafa aðrar búgreinar en sauðfjárrækt að aðalatvinnu.

Ærgildaeign í landinu er því samtals 1 779 412.

2716 bændur eiga innan við 400 ærgildi, samtals 651 190

1352 bændur eiga 400—700 ærgildi, samtals 703 600

405 bændur eiga 700 ærgildi eða meir, samtals 355 700

Ærgildaeign skiptist þannig milli nautgripa og sauðfjár:

Ærgildi í nautgripum 883 220 eða 49.64%

Ærgildi í sauðfé 896 192 eða 50.36%

Sauðfé í eigu tilraunabúa er 4 045 eða 0.45%

Sauðfé í eigu þéttbýlisbúa er 33 995 eða 3.79%

Fram hafa verið lögð gögn sem sýna, að hækkun afurðaverðs umfram hækkun fódurbætisverðs fylgja aukin fódurbætis kaup.

Fódurbætis kaup 1971—1977.

Ár	Tonn:	Millj. kr. cif:	Meðalgengi US. \$ 1.00:
1971	59 903.0	494.6	88.10
1972	58 134.5	480.9	87.42
1973	65 309.4	801.6	90.02
1974	58 133.9	1 133.2	100.24
1975	55 367.2	1 677.2	182.17
1976	67 045.9	2 342.0	182.31
1977	71 193.9	2 495.4	199.29

Fyrir lítra af mjólk fékkst:

Árið 1951	1.11 kg mjöl
Árið 1961	1.03 kg mjöl
Árið 1971	1.38 kg mjöl
Árið 1978	2.11 kg mjöl

Augljóst er, að tekjur bænda eru á sumum svæðum landsins mun rýrari en á öðrum, auk þess tekjumismunar sem er innan svæða af ýmsum ástæðum.

Nefndin hefur kynnt sér nýjustu búreikninga frá Búnaðarfélagi Íslands og rætt þá við Ketil Hannesson.

Eftir athugun gagna og viðræður við flesta þá menn, sem veita forstöðu stofn- unum, sem tengdar eru landbúnaði, er það samdóma álit nefndarinnanna að til þess að unnt verði í framtíðinni að gera raunhæfar áætlanir og hafa sem öruggust stjórnunarleg áhrif á framleiðslumagn og markaðsmál landbúnaðarins, sé brýnt að gera framkvæmda- og búrekstraráætlun um hverja bújörð í landinu, þar sem af- staða er m. a. tekin til þess, hvaða búrekstrarform hæfir hverri jörð best, og að þörf sé á að hraða því verki svo sem aðstæður leyfa.

Nefndin leggur einnig mikla áherslu á að unnið verði að því með leiðbein- ingaþjónustu og annarri fyrirgreiðslu, sem þörf er á, að bæta hag bænda á þeim svæðum þar sem afkoma er almennt lakari en skv. landsmeðaltali, samtímis því

að einstakir bændur með slakan rekstur á svæðum þar sem afkoma nær almennt landsmeðaltali, njóti einnig slíkrar fyrirgreiðslu. Markvisst verði unnið að því að efla og bæta fódurverkun hjá bændum.

Nefndin telur, að unnt sé að auka tekjur margra bænda með aukinni fiskrækt, fiskeldi og meiri stuðningi við nýtingu vatna í byggð og óbyggðum, umfram það sem verið hefur.

Ástæða er til að ætla að aukin loðdýrarækt, einkum refa, geti orðið góð tekju- lind fyrir einstaklinga í bændastétt.

Ljóst er að áhrifa af framangreindum tillögum, þó strax kæmu til framkvæmda, gætir ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum, en þörf er á aðgerðum þegar í stað til að hafa stjórnunarleg áhrif á framleiðslumagn landbúnaðarafurða og skiptingu þess eftir búgreinum.

Nefndin hefur orðið sammála um tillögur, sem væru til þess fallnar að hafa áhrif í framangreinda átt, meðan ekki er betri kosta völ. Ljóst er, að þó fallist yrði á þær tillögur og þeim beitt, tekur nokkurn tíma að áhrifa þeirra gæti.

Meðan það ástand varir telur nefndin rétt að ríkissjóður greiði útflutnings- bætur, sem tryggi bændum fullt afurðaverð.

Tillögurnar byggjast á, að í ákvæði laga nr. 101/1966 um framleiðsluráð land- búnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. verði sett ákvæði sem heimili að greiða mishátt verð fyrir búvöru, þurfi að beita framleiðslu- hömlum og að leggja á fódurbætisskatt í sama skyni.

Í reglugerð sem samín yrði samtímis þyrftu að koma ákvæði um eftirfarandi atriði:

1. Kvótinn (magnákvörðun) verði bundinn við lögbýli og þá ábúendur sem þar áttu lögheimili árið 1977.
2. Miðað verði við framleiðslumagn frá hverjum skráðum ábúanda lögbýlis að meðaltali á árunum 1975, 1976 og 1977 og búfjárfjölda sömu ár. Hafi einhver aðila orðið fyrir rekstraráföllum eitthvert framangreindra ára, skal það ekki hafa áhrif á meðaltal.
3. Hver bóndi sanni afurðamagn sitt með afriti af innleggsnótum frá söluaðilum og skal söluaðilum skylt að láta slíkar upplýsingar í té. Leiki vafi á, hvort innleggjandi telst bóndi sker aðild að lífeyrissjóði bænda úr um það atriði.
4. Ákvörðun um framleiðslumagn hvers bónda er hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, en áður en ákvörðun er endanlega tekin skulu viðkomandi búnaðar- samböndum send til umsagnar gögn þau, sem ákvörðun Framleiðsluráðs bygg- ist á.
5. Búvöruframleiðendur með búsetu utan lögbýla skulu senda beiðni um fram- leiðsluleyfi ár hvert til landbúnaðarráðuneytisins, sem afgreiðir erindin, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar og Framleiðsluráðs. Gjald sem renni í verðjöfnunarsjóð, skal innheimt fyrir framleiðsluleyfi, að fengnum til- lögum framleiðsluráðs. Landbúnaðarráðuneytið hafi samráð við Framleiðslu- ráð landbúnaðarins um framleiðslumagn á ríkisbúum, þegar offramleiðsla er í viðkomandi búgreinum.
6. Skerðingarmörk kvótakerfis (magnkerfis) verði á 1. ári eftirfarandi:
 - a) Fyrir afurðir af 400 ærgilda bústærð verði skerðing 2% af grundvallarverði.
 - b) Fyrir 401—600 ærgildi, 4% af grundvallarverði.
 - c) Fyrir 601—800 ærgildi, 6% af grundvallarverði.
 - d) Fyrir 801 og yfir, 8% af grundvallarverði.
 - e) Hjá framleiðendum utan lögbýla verði skerðingin 10%.

Heimilt er að fella niður tímabundið, að hluta eða öllu leyti, framanskráða skerðingu hjá bændum, sem hafa byrjað búskap á árunum 1976—1978 og hjá þeim bændum, sem bera mikinn þunga af nýlegum fjárfestingum, enda séu þær innan þeirra stærðarmarka sem lánareglur stofnlánadeildar landbúnaðarins settu framan- greind ár.

Framleiðsluráði verði veitt heimild til að leggja aukagjald umfram framan-skráð skerðingarmörk á þá framleiðendur, sem auka framleiðslu sína frá því framleiðslumagn sem meðaltal 3ja síðustu ára fyrir gildistöku reglugerðar sýnir, sbr. 2. tölulið.

Á framleiðsluaukningu búa 400—600 ærgilda verði aukagjald 50% hækkun skerðingargjalds. Á búum 600 ærgilda og stærri verði aukagjald 100% hækkun skerðingargjalds.

Á sama hátt er heimilt að greiða framleiðendum fyrir að minnka framleiðslu allt að hálfu andvirði 10% samdráttar kvóta viðkomandi aðila.

Tímabundin aukning afurða vegna bústofnsskerðingar skal ekki hafa áhrif á rétt til slíkrar greiðslu.

Skerðingargjald skal ekki innheimt af framleiðsluaukningu 400 ærgilda hús eða minna, allt að landsmeðaltali framleiðslumagns miðað við bústofnseiningu.

Á þeim býlum sem framleiðslumagn á bústofnseiningu er umfram landsmeðaltal á viðmiðunarárnum, skal það ekki verka til hækkunar á hundraðstölu skerðingargjalds, sé ekki um magnaukningu að ræða skv. meðaltali árána 1975—1977.

Um mat á afurðum blandaðs bú, skulu settar reglur hvernig saman verði bornar afurðir sauðfjár og nautgripa, þannig að rétt hlutfall haldist.

Fyrir því gerir nefndin að tillögu sinni að lögð verði fyrir Alþingi svofelld breytingartillaga á lögum nr. 101/1966:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo.

Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara.
2. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, svo að hún henti sem best þörfum þjóðarinnar.
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð búvara.
4. að vinna að aukinni markaðsleit og hagkvæmari verslun með þessar vörur innanlands og utan.
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Framleiðsluráð skal því, í samráði við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir, sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma, t. d. allt að 10 ára. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af áhrifum árferðis á þróunina, svo og breytingum á markaðsskilyrðum,
6. að ákveða verðmiðlun á búvörum, samkvæmt fyrirmælum þessara laga,
7. að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda eftir árstímum,
8. að ákveða mjólkursölusvæði samkvæmt lögum þessum,
9. að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvæðana sexmannanefndar samkvæmt 6., 7., 8. og 9. gr., laganna.
10. að hafa árlega fund með fulltrúum þeirra aðila, sem aðstöðu hafa til áhrifa á framleiðslu og neyslu landbúnaðarvara, svo sem ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl. Á þessum fundum skal ræða samræmdar aðgerðir til þess að þau markmið náist, sem um ræðir í ákvæðum 5. töluliðar þessarar greinar,
11. að setja vinnslustöðvum landbúnaðarins reglur um útborgun verðs til bænda, þar á meðal er framleiðsluráði heimilt að setja reglur um jöfnun kostnaðar við flutning afurðanna til vinnslustöðvanna.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, 3. grein, er orðist svo:

Nú skapast þær aðstæður að búvöruframleiðsla verður meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að dómi Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra, fyrir allt það vörumagn, sem umfram er, og eru þá Framleiðsluráði heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

- a) Að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til framleiðanda (kvótakerfi, magnkerfi), ef markaðsaðstæður eru slíkar að framleiðsluhömlur séu nauðsynlegar. Á sama hátt er Framleiðsluráði heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir minnka framleiðslu sína um ákveðinn hundraðshluta. Framleiðsluráð setur reglur um framkvæmd kvótakerfis (magnkerfis), sem skulu samþykktar af landbúnaðarráðherra, og fulltrúafundi Stéttarsambands bænda. Reglurnar gildi til eins árs í senn. Söluaðilum landbúnaðarafurða er skylt að gefa upplýsingar varðandi innlagt afurðamagn búvöruframleiðenda, sem leitað kann að verða eftir varðandi gerð kvótakerfis (magnkerfis). Einnig er söluaðilum skylt að halda eftir þeirri fjárhæð og á þeim tíma sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni af andvirði innlagðrar búvöru til að standa skil á greiðslum til framleiðenda, sem leiðir af framkvæmd kvótakerfis (magnkerfis).

Búvöruframleiðsla annarra en bænda búsettra á lögbylum er óheimil án leyfis landbúnaðarráðuneytisins.

- b) Að leggja sérstakt gjald á allt innflutt kjarnfóður. Ákvörðun um upphæð gjaldsins skal tekin á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og er háð samþykkt landbúnaðarráðherra, enda liggi fyrir að útflutningsbætur samkvæmt 2. mgr. 12. gr. nægi ekki. Gjaldið verði innheimt við innflutning af sýslumönnum, bæjarfógetum og í Reykjavík af tollstjóra.

Gæsla og ráðstöfun þess fjár sem innheimtist samkvæmt a) og b) lið gr. þessarar skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og notast þegar útflutningsbætur nægja ekki, eða til að greiða verðbætur til þeirra, sem draga úr búvöruframleiðslu sinni í því skyni að draga úr óhagkvæmum útflutningi. Framleiðsluráði er heimilt að endurgreiða af innheimtu fóðurbætisgjaldi til framleiðenda nautgripa- og sauðfjárafurða á lögbylum. Skal þá miðað við ákveðið magn á búfjáreiningu.

Nú verður búvöruframleiðslan of lítil í landinu, eða einstökum hlutum þess, eða framleiðsluáætlanir samkvæmt 5. tölulið 2. gr. raskast verulega og skal þá Framleiðsluráð gera tillögur til Sexmannanefndar og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta.

Skulu slíkar ráðstafanir ná til einstakra búgreina, og/eða einstakra landshluta, eða allrar búvöruframleiðslu í landinu, eftir því sem við á.

- c) Þyki Framleiðsluráði nauðsyn bera til að grípa skyndilega til róttækra aðgerða í þessu efni, skal það efna til fundar með þeim aðilum sem um getur í 10. tölulið 2. gr. og skýra fyrir þeim tillögur sínar og leita stuðnings þeirra við þær.

Sé framangreind heimild um gjald á innfluttu kjarnfóðri notuð, en síðan tekin ákvörðun um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það sem kann að hafa verið innheimt af birgðum sem til eru, þegar niðurfelling gjaldsins er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd a) og b) liða 3. gr. að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir a) eða b) lið 3. greinar, eða reglugerðar, sem sett verður skv. framanskráðu, skal hann lagður fyrir nefnd þriggja manna til úrskurðar.

Nefndina skipa aðili tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar frá Stéttarsambandi bænda og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Aðrar tillögur nefndarinnar eru:

1. Búnaðarsamböndum verði, í samráði við áætlana nefnd landbúnaðarráðuneytisins, falið að gera framkvæmda- og búrekstraráætlanir fyrir allar jarðir innan viðkomandi sambandssvæðis og stefnt að því að ljúka því verki svo fljótt sem kostur er.
Fyrsti þáttur í slíku starfi verði athuganir á hvernig fóðuröflun verður best tryggð á hverju býli og tillögur þar að lútandi lagðar fram.
Meðan unnið er skipulega að bættri fóðuröflun samkvæmt framanskráðu verði greiddir auknir stofnstyrkir til kostnaðar mannvirkja til votheysgerðar og súgþurrkunar.
2. Unnið verði að úrbótum hjá tekjulægstu bændum, án þess að rýra kjör annarra bænda, m. a. með því að auka hagfræðilega leiðbeiningaþjónustu og veita fjárhagslegan stuðning þeim, sem illa eru settir, í því skyni að auka hagkvæmni búreksturs þeirra.
3. Fjármagn verði útvegað til að efla nýjar tekjuöflunarleiðir bænda, t. d. í loðdýrarækt, fiskeldi, fiskrækt og í nýtingu fjallavatna. Garðrækt verði eflað að hæfi innlends markaðar. Stuðlað verði að sem bestri nýtingu hverskonar hlunninda og fyrirgreiðslu við ferðamenn í sveitum.
4. Lánareglur Stofnlánadeildar landbúnaðarins og styrkir skv. jarðræktarlögum verði samræmd búvöruframleiðslustefnu á hverjum tíma.
5. Rafmagnsverð til innlends fóðuriðnaðar, bæði til einstakra býla og verksmiðja, verði lækkað. Felldir verði niður tollar og söluskattur af vélum til búvöruframleiðslu.
6. Starfsemi Byggingarstofnunar landbúnaðarins verði tengd búnaðarsamböndum nánar en nú er.
7. Efldar verði hagkvæmis rannsóknir á húsakosti á bændabýlum.
8. Unnið verði markvisst, að vörukynningu og markaðsöflun innanlands og utan.
Eitt þeirra atriða, sem gætu bætt afkomu bænda, og nefndin telur nauðsynlegt að bæta úr, er að afurðalán verði aukin svo að unnt sé að hækka útborgun allt að 90% við afhendingu framleiðsluvaranna.

Reykjavík, 28. september 1978.

Sveinbjörn Dagfinnsson, formaður,
Gunnar Guðbjartsson,
Sigurður Jónsson,
Sveinn Jónsson,

Jón Ólafsson,
Sveinn Guðmundsson,
Þórarinn Þorvaldsson.